

Skólaráð Naustaskóla

10. fundur ársins 2012 þann 26. september 2012

Mættir:

Skólastjórnendur: Ágúst Jakobsson, Bryndís Björnsdóttir.

Fulltrúar foreldra og grenndarsamfélags: Gísli Rúnar Magnússon, Áshildur Hlín Valtýsdóttir, Vaka Óttarsdóttir.

Fulltrúar starfsmanna: Yrsa Hörn Helgadóttir, Aníta Jónsdóttir, Guðrún Huld Gunnarsdóttir.

Fulltrúar nemenda ekki viðstaddir þennan fund.

Dagskrá og afgreiðslur:

1. **Starfsáætlun / skólanámskrá.** Frágangur starfsáætlunar hefur enn dregist og því voru drög að plagginu ekki send út fyrir fundinn. Rætt um uppsetningu og innihald skólanámskrár m.t.t. ákvæða Aðalnámskrár grunnskóla. Starfsáætlun skólans inniheldur megnið af þeim efnisatriðum sem krafist er og verður ítarlegri með hverju árinu. Hins vegar vantar mest upp á að skólinn uppfylli þau ákvæði að skólanámskrá birti „markmið náms í ljósi ákvæða aðalnámskrár“. Nú er um ákveðið millibilsástand að ræða þar sem nýjar greinanámskrár eru í ferli hjá ráðuneyti en engu að síður þarf að hraða þessari vinnu innan skólans til að öllum aðilum sé ljóst hvernig námið er uppbyggt. Rætt um þá hugmynd að hvert kennsluteymi innan skólans setji fram stutta lýsingu á markmiðum, aðferðum, mati o.fl. sem gæti orðið upplýsandi fyrir foreldra.
2. **Fyrirkomulag haustfunda og viðtala.** Farið yfir fyrirkomulag morgunfunda og viðtala. Bent á að þegar fundirnir fara að miklu leyti fram í umsjónarhópum er þörf á að kynna alla aðila teymisins. Einnig rætt um þörf á samræmingu í efnistöfum og framsetningu á fundum og undirbúningsvinnu fyrir viðtöl.
3. **Foreldrafélag / samstarf heimila og skóla.** Stefnt að óbreyttu fyrirkomulagi á foreldrastarfinu í vetur, skólaárinu skipt í þrjú tímabil og ætlast til að hópar foreldra annist eina uppákomu í hverjum árgangi á hverju tímabili.
4. **Upplýsingamiðlun.** Rætt um fyrirkomulag á vikupóstum og hugsanlega samræmingarþörf á uppsetningu og efnistöfum þar. Rætt um að gott sé að vikupóstar innihaldi stutt yfirlit yfir helstu atburði liðinnar viku, yfirlit yfir vikuna framundan, helstu markmið sem unnið er að í náminu, yfirlit yfir heimavinnu eða hugmyndir að heimavinnu sem er lýsandi fyrir vinnubrögð í skólanum og svo aðrar tilfallandi upplýsingar.
5. **Önnur mál.**
 - a. Eyrnaskjól. Foreldrafélagið hefur uppi áform um innkaup á eyrnaskjólum til nota fyrir nemendur.
 - b. Fermingarfræðsla. Rætt um árekstur sem kom upp milli fermingarfræðslu og íþróttatíma unglingastígs. Ekki er um neitt svigrúm sem heitið getur til stundaskrárbreytinga af hálfu skólans en kirkjan hefur boðið fram fræðslutíma á laugardögum til lausnar á málinu.

Ágúst Jakobsson ritaði fundargerð